



Hjólastígur umhverfis Mývatn Tillaga og hagsmunir

Forsendur í aðalskipulag
Desember 2011

11195

S:\2011\11195\Greinagerð\11195_skyrsla_MYV_5.docx

Desember 2011

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	6.12.2011	FBE	SGT	SGT

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
1.1	Markmið verkefnisins	3
1.2	Um verkefnið	3
1.3	Verkefnisnálgun	4
2.	Almennar forsendur	5
2.1	Lagalegar forsendur	5
2.2	Tæknilegar forsendur	5
2.3	Tegund hjólaleiða	5
3.	Forsendur í Mývatnssveit	7
3.1	Stefnumótun í fyrirliggjandi áætlunum	7
3.2	Hverjir hjóla?	7
3.3	Hagsmunaaðilar og greining	8
3.4	Umferðarpungi og hraði	11
4.	Tillaga fyrir Mývatnssveit	13
4.1	Lega og áfangastaðir	13
4.2	Skipulagsviðmið fyrir hjólaleið	14
4.3	Skilgreining og framtíðarsýn	14
4.4	Markmið hjólástígs	15
5.	Staðhættir og leiðarlýsing	16
5.1	Hringvegur 1 - Reykjahlíð að gatnamótum Kísilvegar (78)	16
5.2	Hringvegur 1 – Laxá að gatnamótum Kísilvegar (78)	17
5.3	Mývatnssveitarvegur (848) – Laxá að Skútustöðum	19
5.4	Gamli þjóðvegurinn frá Skútustöðum að Garði	20
5.5	Mývatnssveitarvegur (848) – Garður að Reykjahlíð	21
6.	Lokaorð og framhald	23
7.	Heimildir	24
8.	Viðaukar	25
8.1	Spurningar og viðmið til hagsmunaaðila	25
8.2	Öryggissvæði, veghönnunarreglur	26
8.3	Upplýsingar um fjölda gesta í Skútustaðahreppi	28
8.4	Umferðartalning Vegagerðar, talning í Skútustaðahreppi	29
8.5	Kort, Hjólástígur Mývatnssveit	30

1. Inngangur

Mývatnssveit dregur árlega til sín fjölda innlendra og erlendra ferðamanna enda er þar að finna marga eftirsóttu ferðamannastaði. Fjöldi ferðamanna sem ferðast um sveitina á hjóli fer vaxandi. Vegalengdir eru viðráðanlegar og margar hringleiðir sem hægt er að fara á hjóli. Aðstaða til hjólreiða er þó bágborin og hjólreiðamenn þurfa víða að hjóla á vegöxlum þjóðveganna eða finna sér sínar eigin krókaleiðir. Umferð er mikil og þung á háannatíma ferðatímabilsins.¹ Að sögn heimamanna er mikil mildi að ekki hafi orðið slys á hjólreiðamönnum eða gangandi ferðamönnum sem leggja leið sína eftir þjóðvegum. Umræða verður æ háværi um að nauðsynlegt sé að fara í aðgerðir til að auka umferðaröryggi og huga að öruggum og góðum lausnum sérstaklega fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þetta verkefni um hjólaleiðir í Mývatnssveit er liður í þessum aðgerðum og er fyrsti áfangi í skipulagi hjólástígs umhverfis Mývatn.

Unnið er að skipulagi sérstaks hjólástígs (stofnstígs) í dreifbýli sem áætlaður er að byggður verði fyrir opinbert fé. Hlutverk þessa verkefnis er að kortleggja hugsanlega hjólaleið og móta heildarmynd af stígakerfi umhverfis Mývatn, sem uppfyllir kröfur og kosti stígakerfis skv. 10. gr. vegalaga, hjólástíga sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.

Í Mývatnssveit er rætt um að sveitarfélagið eigi möguleika á að ná forskoti í móttöku hjólreiðamanna. Samgöngur og aðgengi eru forsenda þess að byggja upp þjónustu, vernda áfangastaði og stuðla að jákvæðri upplifun ferðafólks. Ávinningur af góðum hjólaleiðum fellur að markmiði samgönguyfirvalda um aukin hlutvistvænna samgangna og aukin umferðaröryggi.² Fyrir hjólreiðamenn felur ávinningur í sér heilsuefningu og aðgengi að útivist.

Hafa verður í huga að hjólreiðar verða ekki fýsilegur samgöngumáti fyrr en til verða greiðar og öruggar leiðir fyrir hjólreiðamenn.



Mynd 1.1 Mývatnssveit er ákjósanlegur staður til hjólreiða.


¹ Umferðartölur Vegagerðar, sjá viðauka.

² Samgönguáætlun 2011-2022 Drög að stefnumótun 2011-2022

1.1 Markmið verkefnisins

Markmið verkefnis er að móta tillögu um samfelldan hjólastíg umhverfis Mývatn sem tengir helstu ferðamannastaði og gefur möguleika á vistvænum samgöngumáta. Verkefnið er hugsað sem innlegg í ákvarðanatöku og mótun framtíðarsýnar fyrir stofnleiðir hjólastíga utan þéttbýlis.

Verkefnið felur í sér að greina vegi og slóða sem nýta má til hjólreiða og móta heildstæða tillögu um legu hjólastígs umhverfis Mývatn og útfærslu.




Mynd 1.2 Samfelld hjólaleið umhverfis Mývatn.

1.2 Um verkefnið

Verkefni um hjólaleiðir í Mývatnssveit er styrkt af Ferðamálastofu og er samstarfsverkefni VSÓ Ráðgjafar, Skútustaðahrepps og Vegagerðar.

Eyrún Björnsdóttir hjá Skútustaðahreppi hefur unnið náð með verkefnastjórn. Verkefnastjórn var í höndum Fríðu Bjargar Eðvarðsdóttur landslagsarkitekts og Hjördís Arnardóttir hefur unnið að kortagerð á loftmyndir frá Loftmyndum ehf., til notkunar í forsendur aðalskipulags.



Mynd 1.3 Mótun skipulagshugmynda.

Verkefnið er unnið fyrir Skútustaðahrepp til leiðbeiningar við áframhaldandi skipulag hjólastígs umhverfis Mývatn. Verkefnið á að skýra verklag á milli sveitarfélags og Vegagerðar við stefnumótun, skipulag og uppbyggingu.

Í verkefninu er leitast við að skrá hagsmunaaðila sem koma að ákvarðanatöku og framkvæmd við fyrirhugaðan hjólastíg. Skráð er hlutverk hagsmunaaðila og snertifletir til að hugmynd um hjólaleið geti orðið að veruleika.

Tilgangur verkefnisins er að skilgreina legu hjólastígs umhverfis Mývatn. Hjólastígurinn á að opna á möguleika hjólreiðafólks að upplifa og ferðast um landslag og náttúru Mývatnssveitar út frá forsendum vistvænna samgangna og um leið að stuðla að öruggari umferð á þjóðvegum innan sveitarinnar.

1.3 Verkefnisnálgun

Verkefnið skiptist upp í 3 megin áfanga. Grundvallarþáttur í þeim öllum er samráð við helstu hagsmunaaðila. Áfangar verkefnisins eru:

Fyrsti áfangi: Verkefnistösk skilgreind og hagsmunaaðilar tilgreindir

- ▶ Listi yfir helstu hagsmunaaðila.
- ▶ Leitað upplýsinga og sjónarmiða hagsmunaaðila um verkefnið.
- ▶ Verkefnistösk og áfangar.

Annar áfangi: Skilgreindar fýsilegar hjólaleiðir

- ▶ Rýnt í kort og vettvangsskoðun.
- ▶ Rýnt í slóðir og kortlögð sjónarmið í tengslum við hitaveituf framkvæmdir.
- ▶ Samráð við sveitarstjórn og við skipulaghöfunda aðalskipulagsvinnu.

Þriðji áfangi: Skilgreind tillaga um hjólaleið umhverfis Mývatn

- ▶ Skráning hagsmuna: ávinningur og takmarkanir.
- ▶ Skilgreind forsögn fyrir hönnun og uppbyggingu hjólástígs.



Mynd 1.4 Hjólaleið á að tengja saman helstu ferðamannastaði .

2. Almennar forsendur

2.1 Lagalegar forsendur

Í 10. gr. vegalaga nr. 80 /2007 er fjallað um flokkun vegakerfisins og fjallað um almenna stíga sem eru skv. lögunum: reiðstígar, göngu- og hjólréiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.

Í 27. gr. vegalaga segir að í samgönguáætlun sé heimilt að veita fé til almennra hjólréiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum. Veita skuli fé samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.

2.2 Tæknilegar forsendur

Lítið er til af íslenskum leiðbeiningum um skipulag og uppbyggingu hjólastíga, enda var fyrst opnað á hjólastíga sem hluta vegakerfis með nýjum vegalögum árið 2007.


Staðsetning og lega hjólastíga er ákveðin í skipulagi viðkomandi sveitarfélags. Staðsetning hjólastígsins fer mikið eftir hlutverki hans, áætluðum notendahóp og markmiðum. Öryggi hjólamannsins er best varið ef hjólastígurinn er utan öryggissvæðis þjóðvegur og skörun við aðra umferð er sem minnst. Öryggissvæði þjóðvega er misbreytt og fer eftir hönnunarhraða viðkomandi vegur og byggir á öryggi akandi umferðar. Stærð öryggissvæðis er að finna í viðaauka 2. (Við þjóðveg þ.s. aksturshraði er 90 km er öryggissvæði 9 metrar frá vegöxl.)

Af mörgum ástæðum s.s. plássleysi, landslags eða eignarhalds getur verið nauðsynlegt að skipuleggja hjólastíg innan öryggissvæðis og þarf þá að tryggja öryggi hjólandi vegfarenda með vegriði, kantsteini, merkingum, lækun aksturshraða eða öðrum aðgerðum. Í dreifbýli og þar sem farið er um landssvæði utan byggða getur verið ástæða að leggja stíginn í tengslum við aðrar framkvæmdir og lágmarka þannig upprif á óröskuðu landi.

2.3 Tegund hjólaleiða


Við skipulag hjólaleiðar er nauðsynlegt að huga að því hvernig aðstæður og útfærsla hæfir best. Nokkrar mismunandi lausnir er hægt að nota og er skilgreiningaratriði hvenær talað er um hjólastíg, hjólabraut eða hjólarein. Eftirfarandi er skilgreining og viðmið sem notuð eru í þessu verkefni.

Hjólastígur er sérstakur stígur skilinn frá akvegi t.d. með grasi eða gróðurfleti. Á hjólastíg er hjólaumferðin í báðar áttir og þarf því stígurinn að vera um þrjú metrar á breidd. Yfirborð þarf að vera slétt og vel þjappað, malbik eða velþjöppuð leirblandin grús. Þar sem þörf er, eru vatnsrennur og rásir á stígnum. Vanda þarf frágangi á hliðum og á öllum stólpum og hindrunum þannig að umhverfið valdi ekki hættu fyrir hjólréiðamanninn.




Mynd 2.1 Hjólastígur.

Hjólarein er skilin frá akstursrein með merkingum. Á hjólarein verður hjólandi umferð að vera samhliða umferð og verður því að gera ráð fyrir hjólarein báðum megin þjóðvegjar. Mikilvægt er að merkja hjólareinina vel og hindra að ökumenn nýti hana sem bílastæði í vegöxl. Lágmarksbreidd á hjólarein ætti að vera 1,5 m. Við skipulagningu hjólareinar ætti að auki að gera ráð fyrir útskotum og hvíldastöðum fyrir hjólréiðamenn.



Mynd 2.2 Hjólarein og dæmi um merkingu hennar.

Hjólabraut er sérstök braut fyrir hjól samtengd akandi umferð. Hjólabraut þarf að vera um 3 metra á breidd, samfelld og greiðfær og með öryggissvæði á milli akstursbrautar og hjóla. Á hjólabraut er umferð í báðar áttir. Hjólbrautin getur verið upphækkuð eða aðskilinn á annan hátt. Reynsla á Norðurlöndum sýnir að hjólabraut er öruggari en hjólarein.³



Mynd 2.3 Hjólabraut.

³ Sykkelhåndboka, Utforming av sykkelanlegg, bls. 37

3. Forsendur í Mývatnssveit

3.1 Stefnumótun í fyrirliggjandi áætlunum

Hugmyndir um hjólastíga í Mývatnssveit er ekki nýjar af nálinni. Stefnumörkun um hjólastíg er að finna í tillögu aðalskipulags Skútustaðahrepps 2010-2022 og í Verndaráætlun 2011-2016 fyrir Mývatn og Laxá sem staðfest var 14. maí 2011.

Í samantekt stýrihóps við stefnumótun í íslenskri ferðaþjónustu 2010, segir að stefnumörkun í ferðaþjónustu þarf að miða að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins. Tillaga að Samgönguáætlun 2011-2022 leggur aðaláherslu á þéttbýli og er þar tekið á hjólreiðum sem samgöngumáta. Lögð er áhersla á að hjólandi og gangandi verði auðveldað að komast leiðar sinnar á öruggan og hagkvæman máta.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags í Skútustaðahreppi og vegna framkvæmda við lagningu hitaveitu hefur ítrekað komið fram hugmynd um að skoðaður verði möguleiki að gera hjólreiðar að markvissum ferðamáta fyrir ferðamenn og heimamenn í Mývatnssveitinni.

Í Verndaráætlun Mývatns og Laxár (2010) segir: „Gera þyrfti merktan hjólreiðastíg sem fylgdi þjóðvegi umhverfis Mývatn þar sem þannig háttar til að hægt er að koma honum fyrir án mikils rasks. Annars verði gert ráð fyrir að farið verði eftir vegi. Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í umfangsmiklar framkvæmdir til þess að koma fyrir hjólreiðastíg.

Þar sem gamlir vegir liggja nærri vatni, t.d. milli Garðs og Skútustaða, verði hjólandi umferð beint á þá í samráði við landeigendur. Líklega þyrfti að gera ráðstafanir gagnvart búpeningi og girðingum, t.d. koma fyrir ristarlíðum.

Skilgreint verði hvort/hvaða göngustígar henti umferð hjólandi fólks.⁴



Mynd 3.1 Á fjallahjóli í Mývatnssveit.

3.2 Hverjir hjóla?

Gert er ráð fyrir að notendur hjólaleiðar umhverfis Mývatn verði fyrst og fremst ferðamenn, dagsferðamenn sem velja hjól sem samgöngumáta til að fara á milli áfangastaða/ ferðamannastaða. Gert er ráð fyrir að hluti þessara ferðamanna séu að leigja sér hjól, annar hópur ferðamanna er að koma í Skútustaðahrepp á hjóli eða koma akandi og eru með sitt hjól til að nýta sér þennan samgöngumáta til dagsferða.

⁴ Mývatn og Laxá, Verndaráætlun 2011-2016, bls.41.

Í verkefninu er reiknað með að hópur þeirra ferðamanna sem koma á hjóli sé stækkandi. Jafnframt er reiknað með því að hjólástígur geti nýst sem skólaleið að Reykjahlíð. Verkefnið tekur ekki á þeim leiðum sem eru góðar fyrir fjallahjól og þegar eru til staðar.

Í Mývatnssveit er verið að hugsa um að hjólaleiðin sé samgönguleið á milli staða og um leið útivistarleið fyrir ferðamenn og/eða skólabörn.



Mynd 3.2 Hjólað á vegöxl þjóðvegur.

3.3 Hagsmunaaðilar og greining

Í tengslum við verkefnið hefur verið horft til mismunandi sjónarmiða ferðapjónustuaðila, landeigenda og stofnana varðandi hjólástíg í Mývatnssveit.

Hagsmunaaðilum er skipt í hópa og flokkaðir eftir því hve mikil áhrif er líklegt að þeir hafi á ákvarðanatöku og framkvæmd við hjólaleið umhverfis Mývatn. Tekinn er saman listi og greinargerð yfir hagsmuni sem ber að hafa í huga við skipulag hjólaleiðar umhverfis Mývatn.

Leysisveitendur hafa mikil áhrif og geta jafnvel staðið í vegi fyrir ákvarðanatöku og framkvæmd við hjólaleiðar umhverfis Mývatn.

Umsagnaraðilar sem geta haft lagalega skildu eða hagsmuni að verja og geta stuðlað eða tafið skilvirka ákvarðanatöku.

Aðrir aðilar sem eru hugsanlega að gæta hagsmuna sinna vegna reksturs og landnotkunar á svæðinu.

Ferðapjónustuaðilar sem hafa beina hagsmuni ef hugmynd um hjólaleið verður framkvæmd.

Tafla 3.1: Hlutverk helstu hagsmunaaðila - Leyfisveitendur

Leyfisveitendur	Hlutverk
<p><i>Vegagerðin</i></p> <p>Hver er hlutdeild í skipulagi og uppbyggingu hjólástígs í Mývatnssveit?</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Gefa leiðbeiningar. ▶ Lagaheimild til að kosta framkvæmdir (10.gr. vegalaga). ▶ Setja kröfur og skilyrði sem fylgja fjármunum. ▶ Leiðbeiningar um útfærslu og samráð. ▶ Gera samninga um veghald? ▶ Eftirfylgni um öryggi á þjóðvegum.
<p><i>Skútustaðahreppur</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hafa frumkvæði að skipulagi og uppbyggingu. ▶ Móta tillögu um legu og gerð hjólástígs. ▶ Leyfisveiting: Veita framkvæmdaleyfi? ▶ Eignarhald á hjólaleið, framkvæmdaaðili. ▶ Ábyrgð á rekstri og viðhaldi.
<p><i>Umhverfisstofnun</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Leyfisveiting: Samþykkja og/eða synja legu. ▶ Gæta að hagsmunum um verndun náttúru – vatnasviðs, -landslags- jarðmyndana. ▶ Eftirfylgni með verndaráætlun. Hagsmunir meiri innan 200 m línu við Mývatn.



Mynd 3.3

Jarðir sem liggja að þjóðvegi.

Tafla 3.2 Hlutverk helstu hagsmunaaðila – Umsagnaraðilar og aðrir

Umsagnaraðilar og aðrir	Hlutverk
<i>Landeigendur</i> Arnarvatn, Álftagerði, Skútustaðir, Kálfastönd, Geiteyjarströnd, Vogar, Reykjahlíð, Grímsstaðir, Neslönd, Vindbelgur, Vagnbrekka, Geirastaðir.	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Gæta hagsmuna og/eða réttar vegna eignarhalds umhverfis Mývatn ▶ Samþykkja og eða synja legu innan landareignar.
<i>Fornleifavernd ríkisins</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Fornleifaskráning (er til staðar)
<i>Hestamannafélag</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Umsögn um skipulag hjólaleiðar. Gæta að hvort séu hagsmunaárekstur vegna notkunar á stígum við aðra notendur/ reiðstígar
<i>Mývatnsstofa</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Velferð og öryggi ferðamanna á hjólaleið umhverfis Mývatn. ▶ Kynna og vera á verði gangvert rekstri og kynningu ferðaþjónustu.
<i>Veidifélag Mývatns og Laxár</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Getur hjólastígur umhverfis Mývatn rýrt hagsmuni veiðifélags?
<i>RARIK</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Eru til línuvegir sem hægt er að nýta?
<i>Hitaveita Skútustaða</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Er hægt að nota lagnaleið fyrir hjólastíg? Veita heimild um uppbyggingu hjólastígs á lagnaleiðinni?
<i>Ramý</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Skilgreina svæði þar sem hægt er að forðast snertifleti vegna rannsóknahagsmuna.
<i>Náttúrustofa Norðausturlands</i>	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Eftirfylgni með verndaráætlun? Getur hjólastígur rýrt hagsmuni?

Tafla 3.3 Hlutverk helstu hagsmunaaðila – Ferðapjónustuaðilar

Umsagnaraðilar og aðrir	Hlutverk
<i>Ferðapjónusta utan svæðis</i> Bílaleigur (Safe Travel), Rútufyrirtæki Vogar? Landssamtök hjólreiðamanna Fjallahjólaklúbbur	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Skilgreina staði og svæði sem þarf að tengja með hjólaleið. ▶ Þrýstingur á framkvæmdir
<i>Gisti og veitingastaðir</i> Hótel Reynihlíð, Hótel Reykjahlíð, Ferðapjónusta Vogar, Hlíð ferðapjónusta, Tjaldsvæði Eldá, Ferðapjónustan Bjarg tjaldsvæði og gisting, Tjaldsvæðið á Skútustöðum, Ferðapjónusta Geiteyjarströnd Hótel Gígur, Hótel Skútustaðir, Vogafjosið, Dimmuborgir	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Merkingar og skilti ▶ Kortagerð og kynning ▶ Upplýsingagjöf
<i>Afbreyting og þjónusta</i> Hjólaleiga Bjarg, Hjólaleiga Hlíð, Hjólaleiga Hótel Reynihlíð, Jarðböðin ehf., Hike and Bike, Rútufyrirtæki Vogar, Hestaleigur, Mývatnsstofa, Fuglasafn Ytri Neslöndum, Lofthellir	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Góðar tengingar við hjólástíg

3.4 Umferðarpungi og hraði


Við skipulag hjólaleiðar umhverfis Mývatn er hægt að hugsa leiðina samsetta úr mismunandi lausnum eða útfærslum eftir því hvaða forsendur eru í umferðarhraða og álagi. Þar sem umferð er lítil og umferðarhraði er lágur er forsvaranlegt að hjólað verði í bland við umferðina. Á þeim stöðum getur verið nægileg ráðstöfun að skilta vel vegina og vekja athygli akandi á hjólaumferð. Á tengileiðum að Hverfjalli, Dimmuborgum gæti hjólástígur í bland við umferð komið til greina sem varanleg lausn. Þar sem umferð er meiri og hraðari getur verið nauðsynlegt að velja lausn s.s. hjólarein, hjólabraut eða sérstakan hjólástíg.

Á mynd 3.4 er settur inn hámarkshraði á þjóðvegum umhverfis Mývatn. Á þeim hluta umhverfis Mývatn sem er samhliða hringvegi 1, norðan og austan vatns, er umferðarhraði 90 km/klst. og því verður til að tryggja öryggi hjólamannsins að gera ráð fyrir sérstökum hjólástíg. Vegna plássleysis og náttúruverndarsjónarmiða í Mývatnssveit er á köflum hinsvegar erfitt að koma fyrir hjólástíg án þess að það kalli á mikið rask.

Umferðarpungi í Skútustaðahreppi er mestur í lok júlí þ.e. tæplega 1.900 bílar⁵ og er árdagsumferð (ÁDU) á hringvegi 1 norðan vatns tæpir 700 bílar (ADU 693) og litlu minni á Mývatnssveitarvegi austan Garðs eða 618 ADU. Umferðarhraði er mikill, 90 km/klst.

⁵ 35 bílar 17. desember 2010, 1.888 bílar 25. júlí 2010, 1-q9_7000 www.vegagerdin.is, 20. október 2011


norðan vatns, en á milli 70-90 km/klst.⁶ á köflum á veginum sunnan vatns. Ef horft er til erlendra viðmiða (sjá mynd 3.5) um hvaða lausn á hjólaleið hæfir ákveðnum forsendum má lesa út að í öllum tilfellum þar sem umferðarhraði er 80-90 km/klst. ætti hjólandi umferð að vera á sérstökum hjólástíg til að tryggja öryggi hjólreiðamannsins.



Mynd 3.4

Umferðarpungi og aksturshraði

Þar sem umferðarhraði er komin niður í 40-50 km/klst. er hægt að gera ráð fyrir umferð á sérstakri hjólarein eða hjólabraut. Á Mývatnssveitarvegi (848) sunnan vatns er hámarkshraði tekin niður í 50 km/klst. bæði við Skútustaði, Voga og Reykjahlíð og í þeim tilfellum væri hægt að taka hjólaleiðina inn á hjólarein eða vegöxl.



Mynd 3.5

Viðmið um útfærslu á hjólástíg út frá umferðarhraða og umferðarpunga.

⁶ Vegagerðin hefur sett 70 km leiðbeinandi aksturshraða á kafla milli Voga og Reykjahlíðar og við Kálfastrandarvoga

4. Tillaga fyrir Mývatnssveit

4.1 Lega og áfangastaðir

Hjólaleið umhverfis Mývatn þarf að tengja saman helstu ferðamannastaði s.s. Dimmuborgir, Hverfjall, Grjótagjá, Höfða, Skútustaðagíga, Laxá, Belgjarskóg, Slútnes, Jarðböðin og fl. Auk þessara staða og utan við þennan algengasta hring eru margir mikilvægir staðir s.s. Námaskarð, Víti og Krafla.

Þar sem aðstæður leyfa og ef það er hagkvæmt er gert ráð fyrir að lega hjólaleiðar fylgi núverandi slóðum ef það rýrir ekki upplifun eða veldur slyshættu. Á þeim köflum þar sem það er hægt er gert ráð fyrir að nýta gamla þjóðveginn s.s. á milli Skútustaða og Garðs og frá Reykjahlíð inn með Eldhrauninu að Fagraneshólum. Á hringleiðinni eru einnig víða smá bútar sem er reiknað með að hægt verði að nota gamla vegstæðið.



Mynd 4.1

Helstu ferðamannastaðir.

Með því að nýta núverandi vegslóða er hugsanlega fyrir hægt að ná markmiði um samfellda hjólaleið. Á seinni stigum, ef hjólreiðaumferð hefur aukist, er hægt að bæta greiðfærni og byggja hjólástíg utan veghelgunarsvæðis.



Mynd 4.2

Samfelld hjólaleið umhverfis Mývatn er um 40 km löng, samhlíða Hringvegi 1 norðan vatns og með Mývatnssveitarvegi (848) sunnan vatns.

4.2 Skipulagsviðmið fyrir hjólaleið

Eftirfarandi viðmið eru höfð í huga vegna verkefnisins.

- ▶ Leiðin á að vera í nágrenni við núverandi veg.
- ▶ Leiðin á að vera hjólástígur þ.e. á sérstakri braut.
- ▶ Leiðin á að vera vatnsmegin við þjóðveg, þar sem því er viðkomið.
- ▶ Hjólaleið getur legið samhliða gönguleiðum, reiðleiðum ef landrými eða aðrar aðstæður leyfa ekki sérstakan stíg.
- ▶ Hjólaleið á að vera samfelld.
- ▶ Vanda skal til þverana yfir veg.
- ▶ Þar sem hjólaleið á að nýtast fyrir skólabörn getur verið nauðsynlegt að huga að götulýsingu.


Huga þarf m.a. að eftirfarandi þáttum:

- ▶ Vandamál vegna ökuhraða?
- ▶ Vandamál vegna umferðarþunga?
- ▶ Náttúrufarsaðstæðum s.s. vegna veðurs, flugu?
- ▶ Nauðsynlegri aðstöðu s.s. hjólaaðstöðu (hjólstatíf, merkingar og ratleiki).

4.3 Skilgreining og framtíðarsýn

Í þessu verkefni eru sett fram ákveðin viðmið og tæknilegar lausnir sem ætti að hafa í huga við i skipulag hjólaleiðar umhverfis Mývatn. Lítið liggur fyrir hér á landi af upplýsingum og leiðbeiningum um tæknilegar forsendur fyrir hjólástíga. Nokkur þéttbýlissveitarfélög hafa sett saman stefnu um hjólreiðar og Reykjavíkurborg hefur unnið svokallaða hjólreiðaáætlun, Hjólaborgin Reykjavík.

Grunnhugmynd um hjólaleið í Mývatnssveit er að miðað verði við hjólástíg þar sem því verður viðkomið. Hjólástígur verði u.þ.b. 2,5-3 m breiður og liggi að mestu innan öryggissvæðis þjóðvegjar. Hjólástígurinn verði aðskilinn frá vegi. Yfirborð á að vera slétt og velþjappað (malbik) og án hindrana. Sjónlína frá hjólástíg er opin og allar þveranir á veg, reiðleiðir og gönguleiðir eru vel merktar.



Mynd 4.3 Dæmi um snið í hjólástíg.

4.4 Markmið hjólastígs

Eftirfarandi markmið ætti að hafa að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu á hjólastíg í Mývatnssveit:

- ▶ Að hjólastígur umhverfis Mývatn verði samgönguleið fyrir ferðamenn.
- ▶ Að hjólastígur verði öruggur og greiðfær.
- ▶ Að hjólastígur verði aðskilinn frá akandi umferð.
- ▶ Að hjólastígur tengi saman helstu ferðamannastaði.
- ▶ Að nýta fyrirbyggjandi slóða, lagnaleiðir og núverandi aðstæður til hins ýtrasta.
- ▶ Ratleiki, merkingar, útsýni frá stígnum, samfeldni og/eða greiðfarni eru allt mikilvægir eiginleikar.
- ▶ Það sé hægt að hugsa lausn á legu hjólastígsins sem hagkvæma lausn til ákveðins tíma. Á seinni stigum verði unnið að bæta eða auka greiðfarni.

5. Staðhættir og leiðarlýsing

Hjólaleiðinni um Mývatn er skipt í tvo hluta með undirköflum, eða áfanga þar sem náttúru- og skipulagsaðstæður eru svipaðar. Annar er hjólaleið meðfram Hringvegi 1 og hinn er hjólaleið með Mývatnssveitarvegi (848).

Að mati skýrsluhöfundna þá uppfyllir tillagan kröfur og kosti skv. 10. gr. vegalaga, hjólástíg sem ætlaður er almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.

Eftirfarandi er lýsing á staðháttum og helstu forsendum hjólástígs og þeim þáttum sem ber að taka til umhugsunar við útfærslu hjólástígs meðfram þjóðvegum í Mývatnssveit.

5.1 Hringvegur 1 - Reykjahlíð að gatnamótum Kísilvegjar (78)

Hringvegur 1, á milli Reykjahlíðar og gatnamóta á Bæjaröxl, er beinn og liggur hátt í hrauninu. Meðfram veginum liggur hitaveitulögn sem er förguð með malarfyllingu. Með lítilli lagfæringu er hægt að útfæra hjólástíg á malarfyllinguna með að bæta við jöfnunar- og yfirborðslagi. Landslag er opið og útsýni er yfir Eldhraunið og yfir vatnið. Nokkur hækkun er upp Bæjaröxlina að gatnamótum Kísilvegjar og Hringvegjar 1. Gamla vegstæðið liggur undir brekkunni og er möguleiki að stytta hringinn og fara fyrir neðan brekkuna. Lengd þessa veghluta er 4 km.



Mynd 5.1

Hringvegur 1 á milli Reykjahlíðar og gatnamóta á Bæjaröxl.

Lengd 4 km.

Sjá rauðlitaða línu á myndinni.

Til umhugsunar: Möguleiki að nýta gamla þjóðveginn til norðurs og inn með Eldhrauninu að Fagraneshólunum en sú leið er lengri og ekki í tengslum við veginn.

Tillaga: Settar eru fram tvær tillögur um hjólaleið á þessum hluta. Tillaga A gerir ráð fyrir legu hjólástígs á hitaveitulögninni. Það er einöld framkvæmd að útfæra hjólástíg á hitaveitulögninni. Einungis þarf að slétta undirlagið og bæta yfirborðið. Yfirborð hjólástígsins þyrfti hinsvegar að vera malbik eða sambærilegt til að tryggja að hjólreiðamaðurinn velji ekki að hjóla á þjóðveginum. Semja þarf við forsvarsmenn hitaveitunnar ef velja á þessa lausn. Kostur er að leiðin er samfelld og greið, einfalt að rata og tengist vel þjóðveginum. Hjólástígurinn þverar Hringveg 1 á móts við gamla þjóðveginn og liggur neðan Bæjarhálsins á vegstæði gamla þjóðvegsins. Hjólástígurinn á hitaveitulögninni er hinsvegar mjög nálægt hringveginum sem verður að teljast galli og gæti rýrt upplifun hjólamannsins.



Mynd 5.2 Hitaveitulögn meðfram vegi.



Mynd 5.3 Stígur meðfram Reykjahlíð.

Tillaga B er hinsvegar að nýta gamla þjóðveginn meðfram hlíðinni inn með Eldhrauninu að Fagraneshólunum. Sú leið krefst lítilla lagfæringa en er lengri og flóknari að rata og merkja. Þveranir yfir þjóðveg 1 eru í báðum tilfellum undir Bæjaröxlinni.

Tafla 5.1 Mat á leið

Hagsmunir	Umferðaröryggi	Landbúnaður og landslag	Náttúruvernd
Tillaga A	Nálægt þjóðvegi	Engin skörun	Lítill eða engin skörun
Tillaga B	Engin umferð	Engin skörun	

5.2 Hringvegur 1 – Laxá að gatnamótum Kísilvegjar (78)

Hringvegur 1, á milli Mývatnssveitarvegjar (848) og Kísilvegjar (78), liggur norðan vatns, frá Arnarvatni við gatnamót 848 er þverbeygja til norðurs yfir Laxá. Brú yfir Laxá er tvíbreið og með göngurein. Vegurinn liggur að mestu mjög nálægt vatnsbakka Mývatns. Meðfram Skefilshólum er sjónlina víða stutt og umferð hröð miðað við aðstæður. Útskot er norðan vegar við Skefilshólana í námunda við gönguleið upp að Belgjarfjalli og talsvert um að ferðamenn stoppi og skoði fuglalíf og landslag. Meðfram Neslandavíkinni er víða stoppað án þess að þar sé útskot. Lengd vegkafans er 12,5 km.



Mynd 5.4

Hringvegur 1 á milli Mývatnssveitarvegjar (848) og Kísilvegjar.

Lengd 12,5 km.

Sjá rauðlitaða línu myndinni.

Tengivegir eru út frá vegi s.s. til suðurs að Helgey og út á Neslandatanga og til norðurs að Vindbelgjarfjalli. Á leiðinni eru ýmsir staðir sem gætu verið áningastaðir og aðdráttarafi fyrir hjólreiðamenn s.s. fuglasafnið á Ytri Neslöndum.

Til umhugsunar: Vegurinn er þröngur og oft þung og mikil umferð. Mikið um að ferðamenn stoppi án þess að pláss sé á vegöxl. Allir þungaflutningar og rútabílar fara um veginn.



Mynd 5.5 Hringvegur 1.



Mynd 5.6 Lítið eða ekkert pláss er víða vatnsmegin þjóðvegur.



Mynd 5.7 Engir stígar eru til staðar og þurfa ferðamenn víða að ganga á Hringvegi 1.

